

ÁRSSKÝRSLA 2020





Útgefandi:

SÍMEY – www.simey.is
Þórsstíg 4, 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:
Valgeir Magnússon

Umsjón:
Óskar Þór Halldórsson

Hönnun og umbrot:
Brand-IT, Akureyri

Myndir:
Kristín Björk Gunnarsdóttir, Óskar Þór Halldórsson,
Helgi Þorbjörn Svavarsson, Kjartan Sigurðsson,
Sólveig Jónsdóttir o.fl.

Ávarp stjórnarformanns

Undir lok ávarps undirritaðrar í ársskýrslu SÍMEY fyrir árið 2019 segir; „...ætlunin var að halda veglega afmælisráðstefnu SÍMEY á hausti komanda til að fagna 20 ára afmælinu.“ Ekkert varð af þessari ráðstefnu af þeirri ástæðu að heimsfaraldur Covid 19 var í mikilli uppsveiflu á haustmánuðum. Frestaður ársfundur var síðan haldinn þann 14. október 2020 og þá eingöngu á fjarfundi. Stjórn SÍMEY hefur haldið fjarfundi allt sl. ár og það sama verður upp á teningnum með ársfundinn þetta árið.

Nokkuð ljóst er að kórónuveirufaraldurinn hefur ýtt okkur öllum inn í hina stafrænu veröld og breytt starfsvettvangi margra. Fjarvinna hefur stóraukist og það sama má segja um fjarnám. Tæknin hefur flutt fjöll og gert okkur kleift að takast á við gjörbreyttan veruleika á undraskömmum tíma. Við erum reynslunni ríkari og munum nýta hana inn í framtíðina á ýmsum sviðum. Kennsluhættir verða vafalaust þróaðir áfram á þessari braut í réttu hlutfalli við þarfirnar og þá möguleika sem tæknin býður upp á. Stafræna tæknin hefur nýst vel og mun verða enn mikilvirkari í starfi SÍMEY er lýtur t.d. að upplýsingagjöf um nám, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og hæfnigreiningu starfa.

Að mörgu er að hyggja í heimi framhaldsfræðslunnar sem þjónar mjög kynjuðum vinnumarkaði, þar sem konur eru í meirihluta í umönnunar- og fræðslustörfum og karlar í mannvirkjagerð. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands fyrir árið 2019 höfðu 21% landsmanna aðeins lokið grunnmenntun, 56% karlar og 44% konur. Í nýútkominni stöðuskýrslu (2021) stjórnvalda, sem ber yfirskriftina „Kortlagning kynjasjónarmiða“, er áskorun til símenntunarmiðstöðva að „þróa nám sem höfðar bæði til karla og kvenna“. Í þessu felst m.a. að á hverjum tíma sé unnið markvisst gegn staðalímyndum og bjóða upp á nám sem höfðar til beggja kynja.

Samkvæmt ársreikningi SÍMEY fyrir árið 2020 lækkuðu tekjur miðstöðvarinnar frá fyrra ári um tæplega tuttugu milljónir króna, sem fyrst og fremst má rekja til kórónuveirufaraldursins. Í þessum tekjusamdrætti vega þyngst minni



tekjur af námskeiðum og ýmsum verkefnum. Það segir sína sögu að vegna faraldursins stóð SÍMEY fyrir 244 námskeiðum á árinu 2020 samanborið við 344 árið 2019. Hundrað námskeiðum færra og munar um minna.

Á það hefur margoft verið bent að framhaldsfræðslan í landinu nýtur ekki nægilegs stuðnings ríkisvaldsins til þess að vinna að þeim verkefnum sem henni er ætlað að sinna. Verkefnalistinn er langur en fjármagn skortir. Úr þessu verður að bæta sem allra fyrst.

Fyrir þessum ársfundi liggja tillögur til breytinga á samþykktum SÍMEY, sem fyrst og fremst lúta að fjórðu grein þeirra. Með breytingunum er skilgreint betur en áður hverjir tilnefna stjórnarmenn.

Nú lýkur tveggja ára kjörtímabili stjórnar og verður tilnefnt til nýrrar stjórnar til næstu tveggja ára. Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki SÍMEY fyrir frábært starf og stjórnarmönnum þakka ég ánægjulegt samstarf.

Akureyri, 14. apríl 2021,
Arna Jakóbína Björnsdóttir



Starfsfólk SÍMEY árið 2020. Standandi frá vinstri: Valgeir B. Magnússon, Sif Jóhannesdóttir, Helgi Þorbjörn Svavarsson, Kjartan Sigurðsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Ingunn Helga Bjarnadóttir. Sitjandi frá vinstri: Kristjana Friðriksdóttir, Sigrún Björnsdóttir, Helgi Kristinsson, Sandra Sif Ragnarsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Emil B. Björnsson.

1. Starfsemin á árinu

Inngangur

Árið 2020 var tuttugasta og fyrsta starfsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY). Í ársskýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi miðstöðvarinnar á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum. Skýrslan er í fimm köflum. Hún hefst á kafla um starfsemina á árinu. Gerð er grein fyrir hverjir sitja í stjórn og hverjir starfa hjá miðstöðinni, húsnæði og fjárhag SÍMEY. Á eftir fylgir kafli um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er greint frá tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi. Í fjórða kaflanum er fjallað um fræðslustarf ársins í máli og myndum og skýrslan endar svo venju samkvæmt á samantekt.

Dagleg starfsemi

SÍMEY er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðinsfræðslu, með það að markmiði að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig er markmið SÍMEY að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Starfsemin miðar að því að bjóða hentugar lausnir við allra hæfi á sviði sí- og endurmenntunar og framhaldsmenntunar og er markhópurinn einstaklingar og fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu.

Dagleg starfsemi SÍMEY skiptist svo í grófum dráttum:

- Fræðslusvið
- Fyrirtækjasvið
- Ráðgjöf og raunfærnimat
- Þróunarsvið
- Stoðsvið

Eftirtalin verkefni eru innan þessara sviða:

- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi.
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY.
- Miðlun og umsjón með námi og námskeiðum annarra fræðsluaðila.
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða. Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila.

- Náms- og starfsráðgjöf fyrir viðskiptavini - einstaklinga og fyrirtæki/félög/stofnanir.
- Parfaggreiningar innan fyrirtækja undir merkjum MARKVISS, Fræðlustjóri að láni, o.fl.
- Umsjón með fyrirtækjaskólum/eftirfylgni fræðsluáætlaða.
- Raunfærnimat (gagnvart námi og einnig viðmiðum atvinnulífs).
- Hæfnigreiningar starfa.
- Umsjón með námskeiðahaldi Fjölmenntar.
- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook.
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY.
- Þróunarvinna/verkefni á borð við námskrárgerð og þróun verkfæra sem notuð eru í starfinu.
- Ýmis sérverkefni.

Skipurit og stjórn SÍMEY

Í stjórn SÍMEY eiga sjö fulltrúar sæti. Þeir eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Stjórnarmenn SÍMEY, sem kosnir voru til tveggja ára á ársfundi 10. apríl 2019, eru:

Aðalstjórn

Stjórnarformaður:

Arna Jakobína Björnsdóttir

Stjórnarmenn:

Benedikt Barðason (2019-2020)
Sigríður Huld Jónsdóttir (2020-2021)
Ingimar Eydal
Halldór Óli Kjartansson
Sverrir Gestsson
Axel Grettisson
Halla Margrét Tryggvadóttir

Fyrir hönd

Opinberra stéttarfélag


Fræðlustofnana
Fræðlustofnana
Opinberra stofnana
Almennra stéttarféлага
Almennra fyrirtækja
Sveitarféлага við Eyjafjörð
Akureyrarbæjar

Varastjórn

Hjördís Sigursteinsdóttir
Erla Björnsdóttir
Anna Júlíusdóttir
Anna María Kristinsdóttir
María Albína Tryggvadóttir
Hlynur Már Erlingsson

Fyrir hönd

Opinberra stéttarfélag
Opinberra stofnana
Almennra stéttarféлага
Almennra fyrirtækja
Sveitarféлага við Eyjafjörð
Akureyrarbæjar



Starfsemi SÍMEY skiptist í eftirfarandi svið:

- **Afgreiðsla og bókhald:** Tekur á móti viðskiptavinum SÍMEY, sér um símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum auk margþættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.

- **Hús- og tækniúmsjón:** Hefur umsjón með rekstri húsnæðis og tæknimálum miðstöðvarinnar.

- **Verkefnastjórnun/ráðgjöf:** Verkefnastjórar og náms- og starfsráðgjafar miðstöðvarinnar hafa umsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og verkálýðsfélög. Ráðgjafar miðstöðvarinnar vinna að því að veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms-

og starfsvals. Einnig aðstoða ráðgjafar einstaklinga við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Ráðgjafar miðstöðvarinnar veita m.a. upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi.

- **Námsverið á Dalvík:** Er útstöð frá SÍMEY, rekin í samstarfi miðstöðvarinnar og Dalvíkurbyggðar. Þar starfar verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi við uppbyggingu námsversins, ráðgjöf og þjálfun, kynningu á náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum, skipulagningu og umsjón með námskeiðahaldi við utanverðan Eyjafjörð, vinnur með fyrirtækjum að aukinni menntun og fagþekkingu starfsmanna auk þess að koma að ýmiss konar teymis- og verkefnavinnu með öðrum starfsmönnum SÍMEY.

Starfsmenn SÍMEY

Á árinu voru 12 starfsmenn í tæplega 10 starfsgildum hjá SÍMEY:

Emil Bjarkar Björnsson,
verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi

Kristjana Friðriksdóttir,
þjónustufulltrúi

Helgi Kristinsson,
húsumsjónarmaður

Sandra Sif Ragnarsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri

Helgi Þorbjörn Svavarsson,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Sif Jóhannesdóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Ingunn Helga Bjarnadóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Sigrún Björnsdóttir,
viðurkenndur bókari

Kjartan Sigurðsson,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Sóley Guðmundsdóttir,
þjónustufulltrúi

Kristín Björk Gunnarsdóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Valgeir Magnússon,
framkvæmdastjóri

Til viðbótar við fasta starfsmenn SÍMEY komu um 150 verktakar að starfsemi sem leiðbeinendur/kennarar, yfirsetufólk, liðveitendur og sérfræðingar. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur og kemur bæði úr atvinnulífinu og skólakerfinu á svæðinu.

SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði straumlínustjórnunar (LEAN management) og taka fundir og skipulagning mið af þeirri aðferðafræði.

Í starfi SÍMEY er mikið lagt upp úr þekkingaröflun starfsmanna og hefur áherslan í innri fræðslu verið þjálfun í verkefnastjórnun og skipulagsfærni, innleiðing á INNU (nýtt nemendabókhaldskerfi) fyrir framhaldsfræðsluna, samskipti og vellíðan í starfi og aðferðafræði straumlínustjórnunar (LEAN). Einnig hafa starfsmenn SÍMEY verið duglegir við að afla sér þekkingar á ýmsum öðrum sviðum og hvetur vinnustaðurinn til þess.



Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kjartan Sigurðsson með kynningu fyrir starfsfólk Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands í september 2020.



Húsnæði SÍMEY við Þórsstíg 4 á Akureyri.

Húsnæði og vinnuaðstaða

Á Akureyri er starfsemi SÍMEY að Þórsstíg 4 þar sem eru átta skrifstofur, níu kennslustofur, afgangiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur hafa það gott í matar- og kaffítímum og geta einnig unnið saman. Einnig er námskeiðahald SÍMEY úti í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana. Þá er SÍMEY í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri um leigu á aðstöðu er snýr að verklegum smiðjum, m.a. í málsuðu og Fab Lab.

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð og heldur úti starfsemi í námsverinu á Dalvík. Frá hausti 2017 hefur það verið til húsa í Víkurröst þar sem eru tvær kennslustofur og skrifstofa verkefnastjóra. Einnig hefur SÍMEY afnot af húsnæði Tónlistarskólans á Tröllaskaga í samstarfi aðila og öfugt. Í Fjallabyggð er SÍMEY í samstarfi um húsnæði við Menntaskólann á Tröllaskaga og stéttarfélagið Einingu-löðu.



Námsver SÍMEY á Dalvík er í Víkurröst.

Fjárhagur

Rekstrartekjur SÍMEY á árinu 2020 voru 215,2 milljónir króna. Þar af voru tekjur vegna rekstrarsamninga 37,2 milljónir, tekjur af námskeiðum námu 135,3 milljónum, 33,2 milljónir voru verkefnatekjur og aðrar tekjur voru 9,5 milljónir króna.

Rekstargjöld voru 231 milljón króna, fjármagnstekjur voru 1,3 milljónir og var rekstarniðurstaða neikvæð um 14,5 milljónir króna.



Tuttugu ára afmæli SÍMEY

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar fagnaði tuttugu ára afmæli sínu á árinu 2020. Lítið fór fyrir lúðrablæstri og hátíðarhöldum af þessu tilefni enda buðu aðstæður í samfélaginu vegna kórónuveirufaraldursins ekki upp á slíkt. Afmæliskaffið bíður betri tíma.

SÍMEY er sjálfseignarstofnun, stofnuð árið 2000 af Háskólanum á Akureyri, framhalds- og listaskólum á Akureyri, stéttarfélögum í Eyjafirði, félögum atvinnurekenda og fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu.

Frá byrjun hefur hlutverk SÍMEY verið að efla símenntun á svæðinu, auka samstarf atvinnulífs og skóla og styrkja þannig samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana. Áhersla er lögð á að safna, vinna úr og miðla upplýsingum til fólks á fjölbreyttan hátt. Eðli miðstöðvarinnar er að bregðast skjótt við og laga sig að breyttum aðstæðum.

Til SÍMEY sækja þeir sem ekki hafa lokið formlegri framhaldsmenntun og einnig þeir sem hafa lokið framhaldsmenntun en vilja auka og bæta þekkingu sína. Þetta á við um námskeið og námsleiðir en einnig náms- og starfsráðgjöf sem öllum er opið að sækja til SÍMEY.

Á tímum hraðra þjóðfélagsbreytinga og þegar fjórða iðnbyltingin setur mark sitt á atvinnulífið á ýmsum sviðum er sí- og endurmenntun aldrei mikilvægari. Vinnumarkaðurinn þróast hratt og við því þarf fólk að bregðast með því að afla sér þeirrar þekkingar sem í boði er á hverjum tíma.

Covid-árið 2020

Árið 2020 var engu öðru ári líkt í starfsemi SÍMEY. Fyrstu vikur ársins var þó allt með kyrrum kjörum og starfsemin með eðlilegum hætti. En þetta var aðeins lognið á undan Covid-storminum sem skall á með miklum þunga um miðjan mars. Þann 16. mars var húsnæði menntastofnana, þar á meðal SÍMEY, lokað vegna sóttvarnaráðstafana og gilti sú lokun til 4. maí. Eftir að húsnæðið var aftur opnað var því skipt í þrjú sóttvarnasvæði og ströngum sóttvarnaráðstöfunum fylgt með persónulegum smitvörnum og fjarlægðarmörkum.

Nýr og áður óþekktur raunveruleiki blasti við starfsfólki SÍMEY, kennurum og öllu því fjölda fólks sem sækir þjónustu miðstöðvarinnar. Á nánast einni nóttu tókst að færa hluta staðnáms í fjarnám og til urðu ný vefnámskeið. Fólk lagaði sig ótrúlega fljótt og á aðdáunarverðan hátt að gjörbreyttum aðstæðum


Sumarið 2020 var stund milli stríða, kórónuveiran hélt sér til hlés og gaf landsmönnum færi á að njóta íslenska sumarsins. Þetta gaf góðar vonir um að haustönnin gæti orðið með nokkuð eðlilegum hætti. Það reyndist þó ekki vera því ný bylgja kórónuveirunnar skall á. Yfirvöld brugðust við með nýjum og strangari sóttvarnareglum sem settu mark sitt á starfsemi SÍMEY á haustönninni. Spritt, andlitsgrímur og tveggja metra reglan var hið daglega brauð og netið var notað í auknum mæli til þess að miðla og eiga samskipti við fólk.

Árið 2020 var ár áskorana vegna Covid 19. Vegna strangra sóttvarnaráðstafana var óhjákvæmilegt að fella niður hluta þess náms sem hafði verið ákveðið. En öðru í starfsemi SÍMEY var haldið til streitu með breyttum formerkjum.

Seigla, samheldni og aðlögunarhæfni. Þrjú hugtök sem lýsa vel hvernig starfsfólk SÍMEY og allir þeir sem sóttu þjónustu miðstöðvarinnar tókust á við Covid-árið 2020. Breyttar aðstæður kölluðu á breytta nálgun í ýmsu í starfinu, margt af því sem lærðist á árinu nýtist til framtíðar.



Óhætt er að segja að Covid faraldurinn hafi sett mark sitt á starfsemi SÍMEY á árinu, bæði á vor- og haustönn. Grímunotkun, persónulegar sóttvarnir og fjarlægðarmörk voru hið daglega brauð.



2. Helstu samstarfssamningar og verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og hefur það samstarf verið umfangsmikið á síðustu árum. FA er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir fé til reksturs FA og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fé til viðurkenndra fræðsluaðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

FA hefur gert samning við SÍMEY ár hvert og gengur hann út á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, þróunarverkefni o.fl. Meginmarkmiðið með þessum verkefnum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



Félagssliðabré er víðtækt nám sem SÍMEY býður upp á. Hér eru félagssliðar sem brautskráðust í júní 2020. Frá vinstri: Elín Helga Kolbeinsdóttir, Bjargey Halldóra Pétursdóttir, Kristín Björk Ingólfssdóttir, Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir, Stefán Aðalsteinsson, Telma Rut Hafliðadóttir og Ásdís Sveinbjörg Sæmundsdóttir.

Náms- og starfsráðgjöf

Hjá SÍMEY störfuðu á árinu 2020 náms- og starfsráðgjafarnir Sandra Sif Ragnarsdóttir og Emil B. Björnsson. Auk þeirra störfuðu einnig verkefnastjórnarnir og ráðgjafarnir Helgi Þorbjörn Svavarsson, Ingunn Helga Bjarnadóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Sif Jóhannesdóttir og Kjartan Sigurðsson. Framkvæmdastjóri SÍMEY er Valgeir Magnússon, náms- og starfsráðgjafi.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa hjá SÍMEY eru fjölbreytt og þeir sinna margvíslegri þjónustu, einkum ráðgjöf til nemenda og skjólstæðinga SÍMEY, einstaklinga á vinnumarkaði, einstaklinga í atvinnuleit og þeirra sem fara í raunfærnimat. Einnig koma ráðgjafar að öðrum verkefnum, svo sem kennslu, þarfagreiningu, aðstoð við styrkumsóknir í sjóði og til stéttarfélagana, utanumhald og ráðgjöf fyrir fólk af erlendum uppruna. Þá sinna þeir stuðningi og ráðgjöf fyrir skjólstæðinga Fjölmennar.

Náms- og starfsráðgjafar skipuleggja einnig námsleiðir og námskeið og hafa umsjón með stundaskrárgerð. Þeir taka þátt í hugmyndavinnu og þróunarverkefnum, auk hæfnigreininga starfa, nýta sér Markviss þarfagreiningu og bjóða upp á Fræðslustjóra að láni. Auk þess er boðið upp á hópráðgjöf í þeim tilgangi að aðstoða fólk í atvinnuleit við gerð ferilskrár, kynningabréfs, undirbúning fyrir atvinnuviðtöl, í náms- og starfsþróun og sjálfsskoðun. Einnig hefur námshópum verið boðið að svara áhugasviðskönnun, þeim kynnt námstækni og rætt við þá um hindranir í námi.

Þessi upptalning er ekki tæmandi en þetta eru þeir verkþættir sem eru meira og minna óbreyttir milli ára, þó að vægi þeirra sé mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni.

Eftir að Covid faraldurinn skall á var markvisst leitað leiða til þess að auka aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Sett voru upp svarbox á heimasíðu SÍMEY, einfalt kerfi þar sem hægt var að bóka tíma í ráðgjöf, annað hvort á staðnum eða í gegnum Teams. Þetta var auglýst rækilega á samfélagsmiðlum og skilaði sér vel því þegar upp var staðið voru viðtölin á árinu 662.



Árið 2020 var ár veflægra fyrirlestra og námskeiða. Í maí var útbúið hljóð- og myndver á efri hæð húsnæðis SÍMEY við Þórsstíg sem nýtist fyrir bæði upptökur á kennsluefni fyrir vefnámskeið og einnig er unnt að senda beint út fyrirlestra í gegnum vefinn. Hér er Hrafnhildur Guðjónsdóttir, verkefnastjóri hjá Akureyrbæ, að flytja fyrirlestur um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna úr hljóð- og myndverinu í SÍMEY fyrir starfsmenn í grunnskólum Akureyrbæjar.



Vegna Covid 19 var ekki unnt að halda á vordögum sýningu á verkum nemenda námskeiðisins Fræðsla í formi og lit í húsakynnum SÍMEY, eins og venja er til. Þess í stað var sýningin haldin í Deigluinni dagana 1. og 2. ágúst 2020. Sýningin gekk ljómandi vel og sóttu hana um tvö hundruð manns.

Raunfærnimat

Í raunfærnimati felst að fólk með mikla starfsreynslu getur fengið hæfni sína og þekkingu metna á móti námskrá í ákveðnum starfsgreinum. Þeir sem fara í raunfærnimat, í hvaða starfsgrein sem er, skulu að lágmarki vera 23 ára að aldri og hafa að baki að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu í starfsgreininni. Raunfærnimat er ferli þar sem metin er þekking og færni fólks í starfi, námi og félagsstörfum. Markmiðið er að geta sýnt fram á reynslu og hæfni viðkomandi í starfi með formlegum hætti, fá starfið metið til styttingar í námi í framhaldinu og að leggja mat á hvernig hver einstaklingur getur styrkt sig í starfi/námi.

Á árinu 2020 var boðið upp á raunfærnimat fyrir félagsliða, stuðningsfulltrúa, fisktækna, matartækna og í ýmsum iðngreinum, m.a. húsasmíði, málun, málmsuðu, framreiðslu, vélstjórn og matreiðslu. Alls tóku 45 manns þátt í raunfærnimatinu með glæsilegum árangri, að meðaltali fékk hver einstaklingur 45 framhaldsskólaeiningar metnar. Heildarfjöldi staðinna eininga var um 2.000.

Raunfærnimatið var unnið í góðu samstarfi við m.a. Fisktækniskóla Íslands, IÐUNA fræðslusetur og Verkmenntaskólann á Akureyri.



SÍMEY býður upp á raunfærnimat í mörgum starfsgreinum, m.a. sjávarútvegi. Netagerð er ein af þjónustugreinum við sjávarútveginn.

Samstarf við atvinnulífið

Árið 2020 var SÍMEY í góðu samstarfi við atvinnulífið í Eyjafirði, þrátt fyrir að heimsfaraldurinn hafi sett strik í reikninginn. Brugðist var við breyttum aðstæðum með því að bjóða upp á flest námskeið sem veflæga fræðsla. Á vormisseri var fræðsla felld niður í einhverjum tilfellum vegna Covid 19 en á haustmisseri var sett upp veglæg fræðsla og tókst þá að halda mun fleiri námskeið.

Undanfarin ár hafa þarfagreiningar innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum MARKVISS hugmyndafræðinnar nýst vel til að aðstoða við gerð fræðsluáætlaða og uppbyggingu starfsþróunar starfsmanna. Slík verkefni hafa verið mikilvæg til eflingar tengsla við atvinnulífið sem hefur leitt til frekara samstarfs, t.d. uppbyggingar fyrirtækjaskóla. Í framhaldi af slíkum verkefnum vann SÍMEY að fræðslumálum árið 2020 með grunnskólum Akureyrarbæjar, velferðarsviði Akureyrarbæjar, Sæplasti, Dalbæ, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og ferðaþjónustufyrirtækjum á svæðinu.

Í lok árs 2020 hófst vinna við nýtt þarfagreiningarverkefni fyrir Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Greiningin er unnin í góðu samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Nokkrir starfsmenntasjóðir styrkja verkefnið undir merkjum „Fræðslustjóri að láni“. Verkefninu lýkur á vormánuðum 2021 og verður afrakstur þess ný fræðsluáætlun fyrir stofnunina sem mun nýtast til næstu ára.

Alls voru haldin 70 námskeið á árinu undir merkjum fyrirtækjaskóla eða í beinu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Þátttakendur á námskeiðunum voru alls 1561.

Samstarf við stéttarfélag um veflæg námskeið

Vefnámskeið voru stór hluti starfsemi SÍMEY á árinu 2020. Mikið og gott samstarf var við Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra um uppsetningu, umsjón og skráningar á námskeiðin.

Haldin voru 22 veflæg námskeið á árinu sem fjölluðu um allt frá „Forræktun mat og kryddjurta“ yfir í „Nútímastjórnun og yfirsýn“.

Afar góð þátttaka var á námskeiðunum, sem að stórum hluta má þakka góðu samstarfi sem SÍMEY átti við stéttarfélagin Einingu-löjlu, Kjöl og Sameyki og þá starfsmenntasjóði sem standa þeim að baki. Samstarfið gerði það að verkum að félagsmenn stéttarfélaganna sóttu námskeiðin sér að kostnaðarlausu. Almennt var mikil ánægja með fyrirkomulag vefnámskeiðanna og er ástæða til að ætla að það sé komið til að vera.

Stefnt er að tólf vefnámskeiðum á vorönn 2021.



Gæðamál

SÍMEY hefur gæðavottun sem ber yfirskriftina EQM+ (European Quality Mark) og tekur til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Vottunin er til þriggja ára og gildir til loka október 2021. SÍMEY fékk árið 2012 EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er víðtækari og tekur, sem fyrr segir, einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið.

Með gæðavottuninni er staðfest að SÍMEY stenst evrópskar kröfur um gæði í fræðslustarfi, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf. Gæðavottunin er veitt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en hún hefur unnið að þróun gæðaviðmiða í fræðslustarfi fyrir fullorðna á liðnum árum.

Í 14. grein laga um framhaldsfræðslu er kveðið á um lögbundið innra og ytra eftirlit með gæðum skólustarfs í framhaldsfræðslu. Tilgangur þess er að veita hagsmunaaðilum upplýsingar um árangur og gæði fræðslustarfsins og að tryggja gæði náms og stuðla að umbótum.

Innra mat er skipulagt í starfi SÍMEY og er leitast við að virkja starfsfólk, verktaka og nemendur í matsferlinu. Innra mat tekur til fjölbreyttra matsaðferða, námskeiðsmats, sjálfsmats kennara/leiðbeinenda og endurskoðunar á starfi, kennsluáðferðum, verkferlum og virkri endurgjöf til kennara, starfsmanna og þátttakenda. SÍMEY er með frávíkaskráningu og umbótaáætlun. SÍMEY er einnig með lögbundna persónuverndarstefnu.

EQM er hannað til að mæta síauknum kröfum um gagnsemi náms og sameiginleg gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. EQM tekur mið af:

- Gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir.
- Innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila.
- Hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.

Verkferlar, vinnulýsingar, gátlistar og eyðublöð eru skjalfest í gæðahandbók SÍMEY sem er vistuð á innra kerfi stofnunarinnar.

Íslenska sem annað mál

SÍMEY heldur utan um og skipuleggur íslensku sem annað mál fyrir erlenda ríkisborgara á Eyjafjarðarsvæðinu. Haldin voru 18 námskeið á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð á árinu, þar af 8 á vorönn og 10 á haustönn. Á báðum önnum voru námskeið á fimm ólíkum getustigum. Boðið var upp á sérstök skriftar- og lestrarnámskeið, ætluð fólki sem kemur úr öðru málumhverfi.

Á vorönn luku 116 nemendur íslenskunámi á hefðbundnum íslenskunámskeiðum og námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sökum Covid faraldursins þurfti að fella niður fullmönnuð námskeið. Þau námskeið sem voru þegar hafin í staðnámi voru færð á vefinn og þeim lokið þannig. Á haustönn voru nemendurnir 146.

Samkvæmt niðurstöðum námskeiðsmats fá íslenskunámskeiðin mjög góða umsögn þátttakenda. Þegar þátttakendur voru beðnir að meta stöðu sína í íslensku að námskeiðunum loknum töldu 55% þeirra sig miklu betri í íslensku eftir þau og 35% nokkuð betri. Á skalanum frá 1 upp í 5 gáfu nemendur einkunnina 4,4 að meðaltali þegar þeir voru spurðir um álit á námsefninu og hvernig það nýttist þeim og einkunnina 4,7 gáfu nemendur við spurningunni um tengsl þeirra við kennara. Til að auðvelda þátttakendum að fylla út

námskeiðsmatið er það nú rafrænt og á fimm tungumálum; íslensku, ensku, tælensku, rússnesku og pólsku.

Í ljósi aðstæðna á árinu og þeirri staðreyndar að einkar hátt hlutfall innflytjenda var í atvinnuleit, eða um 14% (september 2020), ákváðu verkefnastjórar að reyna að styðja enn frekar við þennan hóp. Öllum nemendum var sendur hvetjandi póstur reglulega og námsefni til að halda sér við. Einnig var boðið upp á fjarviðtöl og útbúin bókunarsíða þar sem nemendur gátu bókað tíma þegar hentaði.

Fjölmennt

Starfsemi Fjölmenntar var mörkuð af Covid 19 faraldrinum. Vorönnin fór vel af stað en í marsmánuði var skellt í lás. Sem betur fer voru flest námskeiðin komin vel af stað og það tókst að ljúka mörgum þeirra með fullnægjandi hætti. Á haustdögum skall önnur bylgja faraldursins á í þann mund sem námskeiðin áttu að hefjast hjá Fjölmennt. Af þeim sökum fóru einungis níu námskeið af stað. Starfsemi Fjölmenntar var því með minnsta móti á árinu 2020.



„Íslenska sem annað mál“ námskeið á Akureyri. Á Covid árinu 2020 voru þátttakendur með grímur.

Prófamiðstöð

Einn af þáttum í starfsemi SÍMEY er að halda utan um og bjóða upp á aðstöðu til próftöku fyrir fjarnema. Þessi þjónusta tekur til nemenda í Háskólanum á Bifröst, Háskóla Íslands, Keili og ýmsum framhaldsskólum.

Í samstarfi við Mími – símenntun heldur SÍMEY tvisvar á ári, að vori og hausti, próf fyrir fólk sem er að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Einnig eru ýmis sérhæfð próf í SÍMEY, m.a. á vegum Samgöngustofu, Fiskistofu, Neytendastofu og ýmissa annarra stofnana.

SÍMEY hefur góða aðstöðu fyrir próftökur, mismunandi rými og vel búið tölvuver. Að meðaltali taka um þrjú hundruð manns próf í SÍMEY á ári.



SÍMEY hefur lengi verið í samstarfi við Fisktækniskólann um nám í fisktækni. Við brautskráningu SÍMEY í júní tóku nýútskrifaðir fisktæknar við skírteinum sínum. Frá vinstri: Klemenz Sæmundsson, kennari við Fisktækniskólann, Jakob Þór Þórðarson, Stefán Gunnar Benjamínsson og Silfá Sól Sólrúnardóttir.

Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

Námsver SÍMEY á Dalvík er til húsa í Víkurröst, í góðri sambúð með Tónlistarskólanum á Tröllaskaga og Tý, félagsmiðstöð sveitarfélagsins. Nokkur samnýting er á kennslurýmum, tækjabúnaði og annarri aðstöðu. Í Fjallabyggð hafa námskeið verið haldin í húsnæði Einingar-löju á Siglufirði og í Menntaskólanum á Tröllaskaga í Ólafsfirði. Starfsemi SÍMEY í Fjallabyggð, viðvera og heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir stýrist af verkefnum hverju sinni.

Á árinu voru haldin fjögur „Íslenska sem annað mál“ námskeið, tvö á Dalvík og tvö í Fjallabyggð. Námskeiðin voru bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Haldið var áfram með námsleiðina „Sterkari starfsmaður“ fyrir hluta starfsmanna Dalvíkurbyggðar. Dagskrá námsleiðarinnar var uppfærð nokkrum sinnum til að bregðast við samkomutakmörkunum. Þeim þáttum sem hægt var að kenna í fjarkennslu var flýtt og öðrum frestað. Tölvuhluti námsleiðarinnar var kenndur í fjarkennslu. Sveigjanleiki og lausnamiðuð hugsun leiðbeinenda og þátttakenda gerði þessar breytingar framkvæmanlegar.

Eftir fjölmargar frestanir og endurskipulagningu á framkvæmd fræðsluáætlana hjá Sæplasti á Dalvík og Hornbrekku í Ólafsfirði var ákveðið að fresta framkvæmdinni þar til ekki þyrfti lengur að taka mið af samkomutakmörkunum.

Óveðursdaginn 6. mars var námskeiðið „Fólk fyrir fólk“ haldið fyrir starfsmenn Dalbæjar í Víkurröst en um það sáu Ingibjörg og Guðbjörg hjá Saga Story House. Námskeiðið sóttu 34 starfsmenn Dalbæjar og var þeim skipt í tvo hópa.

Ein starfsleitastofa var haldin í námsverinu fyrir þátttakendur úr Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð, í þrjú skipti á staðnum og einu sinni á fjarfundi. Nokkur próf voru tekin í námsverinu snemma árs og á haustönn.

Búnaður í kennslustofu var endurnýjaður talsvert á árinu, keyptur var nýr skjávarpi, nýir stólar og skipt um borð.



Í viðhaldsverkefnum í SÍMEY. Helgi Kristinsson húsvörður (t.h.) og Emil Bjarkar Björnsson.

Dróunarverkefni – Sæplastskóli á netinu

Á síðustu árum hefur SÍMEY unnið talsvert fyrir og með Sæplasti á Dalvík. Fræðslugreining var unnin í fyrirtækinu og fræðsluáætlun í framhaldinu. Snemma árs 2020 hófust umræður um þá möguleika sem felast í því að hafa námsefni aðgengilegt fyrir starfsmenn á netinu. Viðræður við Tækninám, sem býður upp á uppsetningu skóla á netinu í kerfinu Teachable, voru mjög jákvæðar og ljóst að það kerfi fellur vel að þörfum Sæplasts í fræðslumálum. Fyrirtækið býr til sinn eigin skóla á netinu þar sem hægt er að setja inn eins mikið efni og vilji er til. Hver og einn starfsmaður hefur síðan sinn eigin aðgang að skólanum og getur nýtt sér fræðsluna þegar hentar.

Verkefnið fór af stað af fullum krafti á haustdögum, stofnaður var stýrihópur innan Sæplasts sem ákvað hvaða fræðsluefni skyldi leggja áherslu á í upphafi og hvernig framsetningin ætti að vera. Hluti af hópnum fór á námskeið hjá Tækninámi í umsjón með skóla í Teachable kerfinu.

Einn hluti verkefnisins er að búa til nýtt fræðsluefni, t.d. fræðslu fyrir nýja starfsmenn, annar að uppfæra og breyta efni sem til er og þriðji hlutinn að velja úr efni sem aðrir hafa framleitt og fellur að þörfum Sæplasts. Við val á efni í skólann var horft til allra starfa innan fyrirtækisins.

Þróunarverkefnið fékk styrk frá Landsmennt.

Starfsmenn SÍMEY hafa séð um verkefnastjórn og vinna að gerð námsefnis með Sæplasti. Stefnt er að opnun skólans á fyrri hluta árs 2021.



Á árinu 2020 vann SÍMEY með Sæplasti á Dalvík að þróun og uppsetningu veflægs fræðsluskóla.



Starfsleitarstofur

Í samstarfi við Vinnumálastofnun setti SÍMEY upp á haustönn 2020 svonefndar starfsleitarstofur fyrir atvinnuleitendur. Að hámarki voru sex þátttakendur í hverri starfsleitarstofu. Í það heila hafði SÍMEY umsjón með ellefu starfsleitarstofum á tímabilinu september til desember 2020.

Starfsleitarstofa er ekki eiginlegt námskeið, heldur miklu fremur vinnustofa þar sem atvinnuleitendur fá aðstoð við að greina og skrá styrkleika sína og þekkingu, reynslu og menntun í ferilskrá. Markmiðið er að styrkja atvinnuleitendur og búa þá vel undir að taka næstu skref í atvinnuleitinni. Hver starfsleitarstofa var samtals tólf klukkustundir

og skiptist í fjórar vinnulotur. Í fyrstu lotu var farið með þátttakendum í gegnum áhugasviðsgreiningu, í annarri lotu unnin ferilskrá þar sem m.a. kemur fram reynsla viðkomandi og menntun, í þriðju lotu var fólki leiðbeint um gerð kynningarbréfs og einnig kynntu fulltrúar Vinnumálastofnunar atvinnuleitendum ýmis úrræði stofnunarinnar. Í fjórðu og síðustu lotu starfsleitarstofunnar fengu þátttakendur fræðslu um starfsviðtöl og þeir æfðir í þeim.

Yfir sum atriði var farið með öllum þátttakendum starfsleitarstofanna en einnig voru einstaklingsviðtöl.

Betri skilningur – bætt samskipti

Á árinu 2020 hóf SÍMEY að bjóða upp á námskeiðið „Betri skilningur og bætt samskipti“ þar sem m.a. eru skoðaðir styrkleikar og veikleikar hvers og eins út frá bandarískri hugmyndafræði sem ber yfirskriftina „Everything DiSC“. Kjartan Sigurðsson, ráðgjafi hjá SÍMEY og vottaður DiSC-þjálfari frá Bandaríkjunum, hefur mótað þessi námskeið fyrir SÍMEY og kennt þau.

Námskeiðin hafa verið í boði fyrir alla, bæði í staðnámi og á vefnum. Auk þess setti SÍMEY upp slíkt námskeið fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við Vinnumálastofnun. Fimm námskeið voru haldin fyrir atvinnuleitendur í gegnum fjarfundakerfið Zoom á síðari hluta árs 2020.

Í „Betri skilningur og bætt samskipti“ er lögð áhersla á sjálfskoðun fólks, að það læri á sig sjálft og samskipti við aðra. Þeirri spurningu er velt upp hvað fólk eigi auðvelt með í samskiptum við aðra og hvaða hlutir séu erfiðir í umhverfinu. Í þessu felst að skoðaðir eru veikleikar og styrkleikar, streituvaldar o.fl.

Áður en námskeiðið hefst tekur fólk könnun á netinu og hver og einn þátttakandi fær niðurstöður úr henni. Áfram er unnið með þær út frá DiSC hugmyndafræðinni sem fyrirtækið Wiley í Bandaríkjunum hefur unnið. Að námskeiði loknu býðst þátttakendum að eiga viðtöl við ráðgjafa SÍMEY þar sem farið er enn dýpra í styrk og veikleika hvers og eins, framtíðarsýn og gildi.



Kjartan Sigurðsson
Viðurkenndur DiSC þjálfari

Úr vefmarkaðsefni fyrir Betri skilningur – bætt samskipti í SÍMEY 2020.

Samstarf við Tröppu um Íslenskuþjálfarann

SÍMEY og þjónustu- og ráðgjafarfyrirtækið Trappa gerðu á árinu 2020 samstarfssamning um íslenskunám á vefnum fyrir útlendinga. Námið er kennt samkvæmt vottaðri námskrá (Skref til sjálfshjálpar) Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Ákveðið var að velja þessu veflæga verkefni heitið „Íslenskuþjálfarinn“ og er það ætlað fólki sem hefur ekki íslensku sem móðurmál en vill auka færni sína í töluðu máli.

Íslenskuþjálfarinn er fjörutíu klukkustunda nám á vefnum og er alltaf kennt í litlum hópum eða að hámarki átta manns. Einnig hefur námskeiðið staðið fyrirtækjum og stofnunum til boða.

Íslenskuþjálfarinn, sem eins og áður segir er samstarfsverkefni SÍMEY og Tröppu, var unninn og þróaður með styrk úr Sóknaráætlun Norðausturlands.

Fyrstu námskeiðin í „Íslenskuþjálfaranum“ voru á vordögum 2020 og þau voru líka

í boði á haustönn. Haldin voru ellefu slík námskeið á árinu auk eins námskeiðs sem var þróunarverkefni fyrir starfsfólk í verslun og þjónustu. Hvert námskeið sóttu á bilinu 4-8 manns.



Á vordögum 2020 gerðu SÍMEY og þjónustu- og ráðgjafarfyrirtækið Trappa samning um Íslenskuþjálfarann, veflægt nám í íslensku fyrir útlendinga. Á myndinni eru frá vinstri: Björk Pálmadóttir, kennari og ráðgjafi, Krístrún Lind Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Tröppu, og Valgeir B. Magnússon, framkvæmdastjóri SÍMEY.

3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf



Samstarf við Vinnumálastofnun

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið í landinu og launafólk. Á síðari hluta ársins jókst atvinnuleysi stig af stigi og fór mest upp í tveggja stafa tölu. Aldrei áður í lýðveldissögunni hefur atvinnuleysi verið meira, skellurinn var mun harkalegri en í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Atvinnuleysið hefur komið misjafnlega illa við atvinnugreinar. Án nokkurs vafa voru afleiðingarnar af Covid alvarlegastar í ferðapjónustunni, atvinnugrein sem byggir að stórum hluta á komu erlendra ferðamanna. Ferðapjónustan er í eðli sínu mannaflsfræk atvinnugrein og því töpuðust þar þúsundir starfa þegar faraldurinn skall á af miklum þunga snemma árs 2020.

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 byggðist upp mikil reynsla og þekking í framhaldsfræðslunni á úrræðum fyrir ungt fólk og fólk af erlendum uppruna, sem hefur orðið hvað harðast úti í því mikla atvinnuleysi sem Covid olli. Fljótlega eftir að faraldurinn skall á tóku Vinnumálastofnun og SÍMEY upp samstarf um ýmis úrræði fyrir atvinnuleitendur – bæði styttri námskeið og lengra nám. Auk þess setti SÍMEY upp í samstarfi við Vinnumálastofnun vefnámskeiðið „Betri skilningur - bætt samskipti“ fyrir atvinnuleitendur, Hvert námskeið var í fjögur skipti, samtals 8-9 klukkustundir. Annað úrræði fyrir atvinnuleitendur var „Starfsleitastofur“ þar sem farið var yfir helstu þætti markvissrar atvinnuleitar, færni þátttakenda kortlögð og kynnt hvernig standa beri að kynningarbréfi og gerð ferilskrár fyrir atvinnuleit. Þátttakendur fá aðstoð við að greina og skrá styrkleika sína og þekkingu, reynslu og menntun í ferilskrá.

Þá þróðu verkefnastjórar SÍMEY stöðumat í íslensku og var erlendum atvinnuleitendum boðið að taka það til að meta betur kunnáttu þeirra í tungumálinu. Einnig til þess að unnt væri að láta staðfestingu þess efnis fylgja með í

ferilskrá og kynningarbréfi í starfsleit. Til viðbótar við framangreint var haustið 2020 gerður samningur milli SÍMEY og Vinnumálastofnunar um náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnuleit.

Snemma árs 2021 bættist við í samstarfi SÍMEY og Vinnumálastofnunar „Nám er tækifæri“, sem er námsátak Vinnumálastofnunar 2021-2022. Í því býður SÍMEY upp á þrjár námsleiðir; „Íslenskt mál og samfélag“, „Stökkpallur“ og „Sterkari starfsmaður“.



Um miðjan september 2020, þegar stund gafst milli stríða í Covid faraldrinum, kom starfsfólk Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands í heimsókn í SÍMEY. Standandi frá vinstri: Kristín Björk Gunnarsdóttir verkefnastjóri hjá SÍMEY, Sólveig Indriðadóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Magnús Smári Snorrason verkefnastjóri hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Valgeir B. Magnússon framkvæmdastjóri SÍMEY. Sitjandi frá vinstri: Sigrún Björnsdóttir bókari hjá SÍMEY, Ingunn Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri og ráðgjafi hjá SÍMEY, Sandra Sif Ragnarsdóttir verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi hjá SÍMEY, Guðrún Vala Elísdóttir verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og Helgi Þorbjörn Svavarsson verkefnastjóri og ráðgjafi hjá SÍMEY.

Fyrirtækjaþing

Í nóvember 2020 fékk SÍMEY það verkefni að vinna að undirbúningi og framkvæmd rafræns fyrirtækjaþings Akureyrarbæjar. Fyrir verkefninu stóðu Akureyrarstofa og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra – SSNE. Vegna Covid 19 faraldursins var strax ljóst að þingið yrði haldið rafrænt og vann Kjartan Sigurðsson, verkefnastjóri hjá SÍMEY, að tæknilausnum við framkvæmd þess.

Fyrirtækjaþingið var síðan haldið í Zoom fjarfundakerfinu 14. janúar 2021 og tóku þátt fulltrúar milli þrjátíu og fjörutíu fyrirtækja á Akureyri.

Í upphafi málþingsins voru allir þátttakendur saman í málstofu en þeim var síðan skipt í fimm hópa eftir stærð fyrirtækja og staðsetningu höfuðstöðva. Verkefnastjórar SÍMEY voru hópstjórar í umræðunum.

Í lok þingsins var könnun lögð fyrir þátttakendur í gegnum könnunarkerfið Mentimeter þar sem viðhorf þeirra voru dregin fram. Meðal annars var spurt hvernig fyrirtækin horfðu til næstu mánaða og ára. Eftirtektarvert var að mikill meirihluti þátttakenda sá fyrir sér aukin umsvif í atvinnurekstri á næstu misserum.

Í kjölfar fyrirtækjaþingsins unnu Sif Jóhannesdóttir og Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjórar hjá SÍMEY, samantekt fyrir Akureyrarstofu og SSNE um það sem fram kom á þinginu. Hana er ætlunin að nýta við aukna markaðssókn og mótun nýrrar atvinnustefnu Akureyrarbæjar.

Sundlaugarvörður – Starf í Íþróttahúsi

Haustið 2018 voru tvö störf hæfnigreind hjá SÍMEY og eru starfaprófilarnir „Sundlaugarvörður“ og „Starf í Íþróttahúsi“ samþykktir af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í kjölfarið voru skrifaðar námskrár fyrir störfin og byggja þær jafnframt á námskránni Próttur sem Starfsmennt útbjó árið 2011. Á árinu 2020 voru námskrárnar sendar í vottunarferli til Menntamálastofnunar.

Á árinu 2020 fékk SÍMEY styrk frá Fræðslusjóði til þess að vinna raunfærnimat, sjálfsmatslista og önnur greiningartæki á móti námskrám þessara tveggja starfa. Raunfærni verkefnið hófst í ágúst 2020 og er horft til þess að ljúka því vorið 2021 með tillraunakeyrslu.

Hæfnimat í íslensku sem öðru máli

Vorið 2020 fékk SÍMEY styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar til þess að vinna veflægt hæfnimat í íslensku sem öðru máli. Að baki verkefninu er sú hugsun að fólk sem vill læra íslensku sem annað mál geti staðsett sig sjálft, fundið út hver kunnátta og færni þess er í tungumálinu og valið námskeið með hliðsjón af niðurstöðu hæfnimatsins. Um leið auðveldar það fræðsluaðilanum að setja upp námshópa þar sem þátttakendur eru með svipaða kunnáttu í tungumálinu, sem gerir það að verkum að íslenskukennslan verður markvissari og betri.

Á síðari hluta árs 2020 var unnið að mótun og uppsetningu hæfnimatsins og leiddu Sif Jóhannesdóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir, verkefnastjórar hjá SÍMEY, þá vinnu.

Tekið var upp samstarf við Studieskolen í Kaupmannahöfn sem hefur langa reynslu af því að hæfnimeta nemendur í tungumálanámi. Úr varð að hæfnipróf Studieskolen, sem er tengt við Evrópska tungumálarammann, var þýtt og staðfært á íslensku og var þýðingin í höndum Finns Friðrikssonar, dósents við Háskólann á Akureyri. Í staðinn fær Studieskolen aðgang að hæfnimati á íslensku sem verður aðgengilegt á heimasíðu skólans. Ávinningurinn af þessu samstarfi SÍMEY og Studieskolen er því gagnkvæmur. Hæfnimatið er viðamikild og tekur til hlustunar, málfræði, lesskilnings og samskipta.

Gert er ráð fyrir að hæfnimat í íslensku sem öðru máli verði tilbúið á fyrri árshelmingi 2021. Í framhaldinu verður það kynnt öðrum fræðslumiðstöðvum og gert aðgengilegt til notkunar.

Í apríl 2020 hófst undirbúningur að umsókn til starfsmenntasjóða vegna veflægs námsumhverfis SÍMEY. Umsóknin var send á Landsmennt, Ríkismennt, Sveitamennt, Sjómennt og Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Þessir starfsmenntasjóðir samþykktu í júní 2020 að styrkja verkefnið, sem hefur verið kallað SKÝMEY, að fullu.

SKÝMEY felur í sér þróun og uppsetningu á veflægu námsumhverfi sem SÍMEY á og rekur. Í SKÝMEY verður fjölbreytt úrval vefnámskeiða sem einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir geta keypt sér aðgang að, ýmist með áskrift eða kaupum á einstaka námskeiðum.

Verkefninu má skipta í tvo meginþætti; annars vegar uppsetningu veflægs námsumhverfis fyrir viðskiptavinum SÍMEY og hins vegar kaup, þróun og vinnsla á námsefni inn í námsumhverfið.

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að bjóða markhópi framhaldsfræðslunnar upp á fleiri og fjölbreyttari leiðir til að sækja sér fræðslu og þekkingu og auka þannig hæfni sína á vinnumarkaði. Einnig að bjóða upp á námsumhverfi þar sem fólk, óháð búsetu, getur sótt nám hvar og hvenær sem er, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Síðast en ekki síst er markmiðið með verkefninu að fjölga til muna tækifærum fólks til hæfniuppbyggingar.

Í samvinnu við Tækninám.is hófst á haustdögum 2020 vinna við að setja upp námsumhverfið og voru fyrstu námskeiðin komin inn í september. Starfsfólk SÍMEY hóf síðan að vinna handrit og taka upp námskeið undir lok árs. Gerður var samningur við Tækninám.is um notkun á myndbrotum í þeirra eigu og verða þau inni í SKÝMEY.

Gert er ráð fyrir að SKÝMEY verði öllum opin undir lok mars 2021.



Þetta var raunveruleikinn á árinu – starfsfólk SÍMEY tekur stöðuna á fundi á Teams.



Sif Jóhannesdóttir og Kjartan Sigurðsson með staðfestingu á MARKVISS ráðgjafabjálfun. Með þeim á myndinni er Valgeir B. Magnússon og Emil B. Björnsson.

Hæfnisetur ferðapjónustunnar – samstarf við ferðapjónustuna á Eyjafjarðarsvæðinu

Tilraunaverkefni um fræðslu starfsmanna í ferðapjónustu, sem hófst á haustmánuðum 2017, hélt áfram á árinu 2020. Verkefnið hefur það að markmiði að ná til fyrirtækja í ferðapjónustu með fræðslu og þjálfun af ýmsum toga. Í því eru verkferlar fyrirtækja samhæfdir, aðilar skiptast á efni, ráðgjöf og öðru sem að gagni kemur til að auka hæfni starfsfólks í ferðapjónustu.

Á árinu 2018 var verkáætlunin endurskoðuð og ákveðið að framlengja verkefnið út árið 2020. Með því var horft til þess að uppfylla þarfir ferðapjónustunnar fyrir aukna hæfni og auðvelda fyrirtækjum að fjárfesta í hæfni starfsmanna. Lögð var áhersla á samvinnu við greinina, aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvöld við að þróa leiðtogafræðslu, námslotur fyrir starfsmenn í ferðapjónustu, þrepaskipt starfsnám og raunfærnimat í starfsgreinum ferðapjónustunnar.

Árið 2020 átti að vera lokaár Hæfniseturs ferðapjónustunnar og þar af leiðandi var lögð áhersla á að ljúka þeim verkefnum sem var unnið að og því ekki gerðir nýir samstarfssamningar um fræðslu í ferðapjónustu.

Mikið var lagt upp úr samstarfi við þau

ferðapjónustufyrirtæki sem ennþá voru hluti af fræðsluverkefninu á Eyjafjarðarsvæðinu. Til þess að ná sem best utan um fræðslu fyrir alla var settur saman hópur fulltrúa fyrirtækjanna og ákveðin sex námskeið sem átti að efna til á vorönninni. Með því að taka þátt í verkefninu skuldbundu fyrirtækin sig til að bjóða öllum starfsmönnum að sitja námskeið, með það að leiðarljósi að lágmarksskráning næðist á þau. Verkefnið fór vel af stað og gekk vel, þar til Covid 19 setti strik í reikninginn í mars 2020.

Það fyrirkomulag að hafa fleiri en eitt fyrirtæki sem koma að fræðsluáætlun fyrir ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu kom mjög vel út. Hæfnisetur ferðapjónustunnar sýndi verkefninu mikinn áhuga og lýsti áhuga á að ef frekara fjármagn fengist myndu útlínur þessa verkefnis að einhverju leyti liggja til grundvallar í framhaldinu.

Um mitt ár 2020 bárust þær fréttir að Hæfnisetur ferðapjónustunnar hafi fengið fjármagn til næstu þriggja ára og farið yrði í naflaskoðun á verkefninu og hvernig væri unnt að vinna það ennþá betur. Gert er ráð fyrir því að snemma árs 2021 verði drög að nýju skipulagi lögð fram.

4. Fræðslustarfið í máli og myndum

Námskeið á árinu


Umtalsverður samdráttur varð í námskeiðahaldi á milli ára. Alls voru haldin 244 (344) námskeið á Akureyri og í Eyjafirði á árinu 2020. Þessa fækkun námskeiða má fyrst og fremst rekja til Covid 19 faraldursins.

SÍMEY flokkar námskeið sín í fimm flokka:

- Námsleiðir FA, sem eins og nafnið gefur til kynna eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Fjölmenn, sem eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- Stök námskeið sem er ætlað að efla einstaklinga í starfi og leik. Þau voru oft unnin í samstarfi við stéttarfélag og starfmenntasjóði. Einnig voru námskeið fyrir stjórnendur.
- Íslenska fyrir útlendinga.
- Fyrirtækjaskólar.

Faraldurinn kom hvað harðast niður á námskeiðum hjá Fjölmenn en þar fækkaði þeim um nær 30 á milli ára. Einnig varð talsverð fækkun innan fyrirtækjaskóla og í stökum námskeiðum, sérstaklega námskeiðum sem voru haldin af þriðja aðila en í umsjón SÍMEY.

FJÖLDI NÁMSKEIÐA SÍÐUSTU ÁRA




Þátttakendur

Alls sóttu 3.085 (4.048) einstaklingar nám og námskeið á vegum SÍMEY á árinu. Að auki


nýttu um 700 manns sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og aðra þjónustu. Þessi mikla fækkun er í samræmi við fækkun námskeiða og skýrist af áhrifum Covid 19 faraldursins. Mest varð fækkun þátttakenda vegna námskeiða sem haldin eru af þriðja aðila en í umsjón SÍMEY. Á slíkum námskeiðum eru þátttakendur ekki skráðir í nemendabókhalda SÍMEY en SÍMEY hefur haldið utan um fjölda þátttakenda hverju sinni.

FJÖLDI ÞÁTTTAKENDA SÍÐUSTU ÁRA




Kynjahalli í hópi viðskiptavina SÍMEY jókst aftur á árinu. Árum saman hafa konur verið um 70% þátttakenda og karlar um 30% en þetta hlutfall var u.þ.b. 75% konur og 25% karlar á árinu. Ekki kunnum við skýringar á þessu en leiða má að því líkur að þar sem mikil fækkun varð á námskeiðum hafi konur frekar nýtt sér vefnámskeiðin hjá SÍMEY og að þau hafi frekar höfðað til kvenna. Þess má geta að konum fjölgaði á námskeiðum hjá SÍMEY á árinu. Eins og áður er getið er skýringu á fækkun nemenda helst að finna í námskeiðum sem haldin eru af þriðja aðila, á þeim fækkaði nemendum úr 1.815 árið 2019 í 556 árið 2020. Þessi hópur er ekki kyngreindur. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum um fjölda nemenda eftir kyni stóð fjöldi karlmannna nánast í stað en konum fjölgaði talsvert.

FJÖLDI KVK NEMENDA SÍÐUSTU ÁRA



FJÖLDI KK NEMENDA SÍÐUSTU ÁRA




Nemendastundir

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra klukkustunda á sama námskeiði.


Nemendastundum á árinu fækkaði örlítið, úr 56.186 í 55.465. Þetta segir okkur að þrátt fyrir að námskeiðum og þátttakendum hafi fækkað á árinu hafa nemendur sótt áfram lengra nám. Má þar t.a.m. nefna Stuðningsfulltrúabréu, sem telur um 205 stundir á hverju ári. Hún stendur fyrir nærri 10% af heildar nemendastundafjölda miðstöðvarinnar en nemendum þar fjölgaði talsvert á haustönn 2020.

Sem fyrr hallar verulega á karlana hvað varðar nemendastundir, þær eru um 30% en 70% hjá konunum, sem er í samræmi við kynjahlutfallið.

FJÖLDI NEMENDASTUNDA SÍÐUSTU ÁRA



FJÖLDI NEMENDASTUNDA EFTIR KYNJUM




Íslenska sem annað mál

Þrátt fyrir að síðasta ár hafi að sumu leyti einkennst af samdrætti í námskeiðahaldi gildir öðru máli um Íslensku sem annað mál. Þar fjölgaði námskeiðum umtalsvert. Það má að vissu leyti þakka samstarfi við Ásgarð um Íslenskupjálfarann sem gerði það að verkum að SÍMEY gat annað mikið af þeirri eftirspurn sem varð í kjölfar aukins atvinnuleysis meðal innflytjenda á Íslandi.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd varð sprenging í fjölda þátttakenda á árinu. Ef fram heldur sem horfir má reikna með að SÍMEY muni vanta fjármagn til að geta annað þessari eftirspurn. Þess má geta að ríkið veitti um 140 milljónum króna í málaflokkinn og fær SÍMEY um 5 milljónir af þeirri úthlutun til að sinna þessari kennslu. Miðað við íbúafjölda má leiða líkur að því að tvöfalda mætti þá upphæð, í það minnsta er ljóst er að hér þarf að auka verulega fjármagn til að geta annað aukinni eftirspurn.

ÍSLENSKA SEM ANNAD MÁL



Fjöldi þátttakenda á íslenskunámskeiðum og í Íslenskupjálfarannum

Fjarnám

Covid faraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi SÍMEY. Eins og hjá flestum fyrirtækjum og stofnunum urðu Zoom og Teams okkar helstu samstarfsaðilar.

Árið 2019 má segja að fjarnám hafi verið undantekning frekar en regla. Þá voru tvær námsleiðir að staðaldri í fjarnámi eða blönduðu stað- og fjarnámi auk þess sem einstaka námskeið var haldið í gegnum fjarfundi. Árið 2020 gjörbreyttist staðan. Fjölmörg stök námskeið hjá SÍMEY auk námskeiða fyrirtækjaskóla voru færð í fjarfundi. Rúmlega helmingur stakra námskeið var í fjarfundum á árinu og hátt í helmingur námskeiða í fyrirtækjaskólum.

Tæpur helmingur íslenskunámskeiða var í fjarnámi í samstarfi við Ásgarð og um þriðjungur vottaðs náms. Líklegt er að þessi þróun muni halda áfram.



Um helmingur námskeiða í íslensku sem annað mál var í samstarfi við Ásgarð.

5. Samantekt

Árið 2020 var sannarlega ár breytinga og nýrra áskorana. Heimsfaraldur skall á heimsbyggðinni snemma árs með tilheyrandi og viðvarandi breytingum á lífi allra, bæði í vinnu og einkalífi. Megináherslan í byrjun var að tryggja öryggi starfsmanna og þátttakenda SÍMEY. Breyta vinnulagi og færa starfsemina í fjarvinnu ef kæmi til lokunar vinnustaðarins. Enn sér ekki fyrir endann á þessum heimsfaraldri og mun hann vara fram á árið 2021 og áhrifa hans gæta lengi.

Á árinu sýndi framhaldsfræðslan mikla aðlögunarhæfni og skjótan viðbragðstíma miðað við aðstæður eins og kom berlega í ljós í kjölfar bankarunsins árið 2008 og hefur einnig sýnt sig nú í tengslum við heimsfaraldurinn. Eitt af meginverkefnum vorannar 2020 var að færa námið í fjarfundarfyrirkomulag og finna því hentugar tæknilausnir. Gekk það í sumum tilvika en í öðrum varð að fresta námi til hausts. Einnig þurfti að laga önnur verkefni eins og ráðgjöf og raunfærnimat að rafrænum nálgunum. Heimsfaraldurinn og sóttvarnareglur settu mark sitt á samstarf SÍMEY við atvinnuafið, t.d. varðandi fyrirtækjaskóla. Með snörum viðbrögðum og tæknilausnum tókst þó að halda verkefnum gangandi, þó svo að þau hafi orðið minni í sniðum.

Þegar miklar breytingar verða á skömmum tíma í samfélaginu og atvinnuleysið bankar af fullum þunga á dyrnar, eins og gerðist í kjölfar heimsfaraldursins, þarf að bregðast skjótt við með námsúrræðum og aukinni ráðgjöf. Meginverkefni haustsins 2020 var að mæta þörfum atvinnuleitenda á svæðinu, með öllum úrræðum framhaldsfræðslunnar og í virku samstarfi við Vinnumálastofnun. Átak var gert í náms- og starfsráðgjöf haustið 2020 og voru samanlagt tekin á bilinu 600-700 viðtöl, að stærstum hluta við atvinnuleitendur.

Umbreytingar ársins leiddu til endurskoðunar á vinnulagi á ýmsum sviðum starfseminnar. Ýmsir hlutir hafa verið í þróun, en breyttar aðstæður á einni nóttu urðu til þess að bregðast þurfti við á mjög stuttum tíma. Aðlögunarhæfni og

viðbragðshraði var grundvallarforsendan. SÍMEY stóð frammi fyrir miklum rekstrarlegum áskorunum á árinu. Sú stærsta var að halda utan um öll meginverkefni og finna þeim, eins og kostur var, farveg í nýju fyrirkomulagi. Miðstöðin naut engra sérstakra ívilnana eða aukins fjármagns af hendi stjórnvalda til að mæta áskorunum í tengslum við tækniuppbyggingu og sóttvarnaráðstafnanir. Fjármagn kom þó frá Vinnumálastofnun vegna úrræða fyrir atvinnuleitendur. Varnarsigur vannst við að halda verkefnum gangandi og tryggja reksturinn eins og hægt var.



Á Covid árinu 2020 var mikil áhersla lögð á sóttvarnir hjá SÍMEY, m.a. með góðu aðgengi að sóttreinsiefnum.



Starfsmenn SÍMEY bregða á leik í bogfimi.

Lokaorð

Framhaldsfræðslan hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni og skjótan viðbragðstíma miðað við aðstæður. Sýnt styrkleika sinn í því að hafa sveigjanlegt, óformlegt kerfi sem getur aðlagð verkefni sín á stuttum tíma. Hvatt og stutt fólk til að taka enn fleiri skref í hæfni- og sjálfsuppbyggingu. Menntunarstig á Íslandi hefur hækkað mikið frá 2005 og gæti tilkoma Fræðslumiðstöðvar og framhaldsfræðslukerfisins átt hlut að máli.

Breyttum tímum og þörfum fylgja nýjar áskoranir sem m.a. felast í hraðari breytingum á starfsþróun einstaklinga og hraðari breytingum á vinnustöðum vegna tæknibreytinga. Gefa þarf fólki tækifæri til þess að meta hæfni sína á einstaklingsgrunni með skirskotun m.a. til hæfniramma. Þörf er á faglegu umhverfi sem hvetur fólk til eflingar svo ekki verði skekkjur í samfélagslegri uppbyggingu með tilheyrandi stéttskiptingu og félagslegum vandamálum. Kerfið og þekking er til staðar, en fjárfestingu og stefnumörkun vantar.

